



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 7. mars 2024

Efni: Frumvarp til laga um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. S-52/2024

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, starfsgreinahópur innan SI (hér eftir „SI“ og „SUT“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. S-52/2024.

Samtökin styðja málið og hvetja til þess að frumvarpið verði að lögum. Að því sögðu gera samtökin athugasemdir við opið og óljóst orðalag ákvæðis 5. gr. frumvarpsins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið nýtur mikils trausts meðal fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaði þegar kemur að verklagi í kringum stafræna þróun, sér í lagi þegar kemur að verkefninu „Stafrænt Ísland“ þar sem góð og árangursrík samvinna hefur verið á milli hins opinbera og einkaaðila. Samtökin telja mikinn ávinning felast í því að samræma högun í upplýsingatækni ríkisins en dreifstýring hefur reynst kostnaðarsöm og verið nýsköpunarfyrirtækjum fjötur um fót.

Samtökin vilja koma á framfæri athugasemdum annars vegar vegna ákvæðis 5. gr. frumvarpsins, sem reifaðar verða hér að neðan og hins vegar óska eftir því að ráðuneytið skýri betur hvaða viðmið séu notuð um hvaða kröfur þurfi að gera til þjónustuaðila sem taki að sér rekstur og umsjón stafrænna innviða.

Samtökin telja að orðalag 1. tl. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, um heimild ráðherra til að ganga til samninga um kaup á upplýsingatæknilausnum sem munu teljast til sameiginlegra stafrænna innviða, sem nánar eru skilgreindir í 2. mgr. 5. gr., sé of opið og óljóst sé hvernig ráðherra hyggist útfæra hvaða hlutar innviðanna teljist nauðsynlegir til að innleiða og reka upplýsingatæknikerfi í samræmi við orðalag ákvæðisins.

Í 2. tl. 2. mgr. 5. gr. koma fram skilgreiningar á hvaða stafrænu innviðir geti talist sameiginlegir. Sá listi er ekki tæmandi en spannar ýmsa innviði sem nýtast við almennan rekstur stofnana ríkisins. Ennfremur kemur fram í 2. tl. 2. mgr. sama ákvæðis að ráðherra sé heimilt að fela rekstur og umsjón sameiginlegra stafrænna innviða til sérstakrar starfseiningar eða ríkisaðila sem starfi á hans ábyrgð. Samtökin lýsa yfir áhyggjum af opnu orðalagi í umræddum tölulið og telja að óljóst sé hvernig „rekstur og umsjón sameiginlegra stafrænna innviða“ í 2. tl. sé skilgreint, að orðalagið opni möguleika á ríkisvæðingu að þessu leyti og að erfitt gæti verið fyrir einkaaðila á markaði að koma sínum lausnum að þegar ekki er kveðið á um útvistun að hluta.




Þrátt fyrir að í 3. tl. sama ákvæðis sé ráðherra veittur sá möguleiki að veita öðrum en ríkisaðilum heimild til að nýta sameiginlega stafræna innviði ríkisins, sem getur verið til þess fallið að ýta undir nýsköpun sem er vel, þá undirstrika samtökin engu að síður að orðalag ákvæðisins í heild er mjög opið. Samtökin hvetja ráðuneytið til þess að tilgreina með skýrum hætti í frumvarpinu hvernig ráðherra hyggist tryggja gagnsæi í innkaupum hins opinbera til að stofnanir ríkisins og einkaaðilar á markaði sitji við sama borð.

Að teknu tilliti til ofanritaðs, binda samtökin þó vonir við að þessi tilhögun muni hafa jákvæð áhrif og leysa þann vanda sem uppi er þegar kemur að stafrænni þróun á ýmsum sviðum opinbers reksturs, til að mynda í heilbrigðiskerfinu og í menntakerfinu, en fjöldi spennandi lausna hafa ekki átt brautargengi inn í þessi kerfi vegna óskýrra gæðakrafna, vöntunar á stöðlun í högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins, misjafnrar túlkunar á útboðsreglum og misvísandi skilaboða frá hinu opinbera. Skilgreind ábyrgð innan stjórnkerfisins þar sem tæknileg þekking er til staðar og gott samtal við upplýsingatækniiðnað yrði mikið framfaraskref.

Virðingarfyllst,

f.h. SI og SUT



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði